

Þjónustusamningur milli Dattaca Labs ehf. og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

1. Aðilar samnings

Aðilar að samningi þessum eru Dattaca Labs ehf., kt. 590515-3530, Grandagarði 16, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt „þjónustuveitandi“ og Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnesi, 801 Selfoss, hér eftir nefnt „þjónustukaupi“ og sameiginlega nefndir „samningsaðilar“.

2. Verkefnið

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir hönd þjónustukaupa og afhenda þá þjónustu sem fram kemur í 4. kafla í samningi þessum.

3. Gildistími

Samningur þessi er í gildi frá 08.10.2018 og er ótímabundinn.

4. Nánari útlistun á verkefni

4.1. Þjálfun starfsmanna

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að halda tvö námskeið um nýju persónuverndarlöggjöfina fyrir starfsmenn þjónustukaupa.

4.2. Þjálfun nýrra starfsmanna

Þjónustuveitandi skuldbindur sig einnig til að halda árlega tvö námskeið um nýju persónuverndarlöggjöfina fyrir alla nýja starfsmenn sem hefja störf hjá þjónustukaupa.

4.3. Aðgangur að sérfræðingi þjónustuveitanda

Auk þess skuldbindur þjónustuveitandi sig til að veita þjónustukaupa aðgang að sérfræðingi sínum í 3 klst. í hverjum mánuði.

4.4. Þjónusta sem sérfræðingur þjónustuveitanda innir af hendi

Þjónusta sem sérfræðingur þjónustuveitanda mun veita samkvæmt kafla 4.3. er meðal annars eftirfarandi:

4.4.1. *Eftirlit með því að löggjöfinni sé framfylgt*

Í því felst að þjónustukaupa er heimilt að bera undir sérfræðing þjónustuveitanda öll þau álitaefni sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

4.4.2. *Regluleg endurskoðun á persónuverndarstefnu*

Sérfræðingur þjónustuveitanda mun endurskoða persónuverndarstefnu þjónustukaupa á sex mánaða fresti.

4.4.3. *Reglulegar úttektir*

Sérfræðingur þjónustuveitanda mun þegar ástæða þykir til framkvæma úttektir til að ganga úr skugga um að löggjöfinni sé framfylgt.



4.4.4. Reglulegar áminningar um mikilvægi persónuverndar

Sérfræðingur þjónustuveitanda mun sjá til þess að vitundarvakning eigi sér stað innan þjónustukaupa. Mun hann því senda þjónustukaupa reglulega tilkynningar, svo sem í formi tölvupósts eða fréttabréfs, um mikilvæg málefni sem tengjast persónuvernd.

4.4.5. Ráðgjöf vegna mats á áhrifum á persónuvernd

Sérfræðingur þjónustuveitanda mun aðstoða þjónustukaupa við að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd þegar það á við.

4.4.6. Tengiliður við Persónuvernd

Sérfræðingur þjónustuveitanda mun sjá um samskipti við Persónuvernd fyrir hönd þjónustukaupa, svo vegna venjubundins eftirlits af hálfu stofnunarinnar eða vegna máls sem upp kann að koma.

4.4.7. Tengiliður við skráða einstaklinga

Sérfræðingur þjónustuveitanda tekur að sér að annast samskipti við skráða einstaklinga fyrir hönd þjónustukaupa. Í því felst að skráðum einstaklingum er heimilt að beina fyrirspurnum til hans um meðferð þjónustukaupa á persónuupplýsingum þeirra og því hvernig þeir geti neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

5. Kostnaður

- 5.1. Þjónustukaupi skuldbindur sig til að greiða þjónustuveitanda fyrir fram og mánaðarlega 79.900 kr., auk virðisaukaskatts, fyrir þá þjónustu sem tiltekin er í köflum 4.1. – 4.4. Þjónustukaupa ber að inna fjárhæðina af hendi án tillits til þess hvort tiltekin námskeið fari fram þann mánuð eða hvort tímafjöldi verði að fullu nýttur.
- 5.2. Fyrir hverja klst. umfram það sem tiltekið er í kafla 4.3. skal þjónustukaupi greiða hefðbundið tímagjald til þjónustuveitanda (verð p. klst. 16.900 kr., auk virðisaukaskatts). Þjónustuveitandi skuldbindur sig þó til að veita þjónustukaupa 30% afslátt af tímagjaldi og ber honum því aðeins að greiða 11.830 kr., auk virðisaukaskatts, fyrir hverja klst.
- 5.3. Þjónustuveitandi sendir þjónustukaupa reikning í upphafi hvers mánaðar vegna þeirrar vinnu sem á að fara fram þann mánuð. Fari fjöldi klst. umfram það sem tiltekið er í kafla 4.3. mun fjárhæð vegna þess bætast við næsta reikning. Gjaldtagi og eindagi reiknings er 20 dögum eftir útgáfu hans.
- 5.4. Þjónustuveitanda getur í vissum tilvikum verið nauðsynlegt að nýta þjónustu frá þriðja aðila vegna þeirra verkefna sem tiltekin eru í kafla 4. Þjónustukaupi er skuldbundinn til að greiða kostnað vegna slíkrar þjónustu frá þriðja aðila (með þeim fyrirvara sem í kafla 7.3. greinir).



6. Tengiliðaupplýsingar samningsaðila

6.1. Tengiliðaupplýsingar þjónustuveitanda

Megintengiliður og sá sem hefur yfirumsjón með verkefni þessu af hálfu þjónustuveitanda er Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir, vigdis@dattacalabs.com.

6.2. Tengiliðaupplýsingar þjónustukaupa

Megintengiliður þjónustukaupa vegna þessa verkefnis er Kristófer A. Tómasson kristofer@skeidgnup.is.

7. Aðrar skyldur þjónustuveitanda

7.1. Tilkynning vegna tímafjölda

Þjónustuveitandi skal tilkynna þjónustukaupa með viðeigandi hætti þegar hann hefur nýtt sér 2 klst. af þeim tímafjölda sem tiltekinn er í kafla 4.3. Jafnframt skal þjónustuveitandi senda þjónustukaupa aðra tilkynningu með viðeigandi hætti þegar hann hefur nýtt sér 3 klst. af þjónustu umfram það sem tiltekið er í kafla 4.3. Tilkynning skal berast á kristofer@skeidgnup.is.

7.2. Verkbókhald vegna þjónustu

Þjónustuveitandi skal halda verkbókhald og skrá með nákvæmum hætti þá vinnu sem fram fer fyrir hönd þjónustukaupa. Skal þar einkum tiltaka í hverju vinnan er fólgin og þann tímafjölda sem fer í tiltekið verkefni. Verkbókhald skal vera aðgengilegt þjónustukaupa þegar hann óskar þess.

7.3. Þjónusta frá þriðja aðila

Ef þjónustuveitandi hyggst nýta þjónustu frá þriðja aðila skal hann greina þjónustukaupa frá því innan hæfilegra tímamarka. Skal þjónustuveitandi jafnframt gera grein fyrir kostnaði sem af slíkri þjónustu hlýst og gefa þjónustukaupa færi á að koma athugasemdum á framfæri. Þjónustuveitandi verður bundinn af fyrirmælum þjónustukaupa um hvort tiltekin þjónusta þriðja aðila verði nýtt eða ekki.

7.4. Meðferð persónuupplýsinga

Þjónustuveitandi skuldbindur sig til að tryggja að öll meðferð á persónuupplýsingum vegna þessa samnings samrýmist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

8. Skyldur þjónustukaupa

8.1. Nauðsynleg úrræði handa þjónustukaupa

Þjónustukaupi skal tryggja í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að þjónustuveitandi hafi nauðsynleg úrræði til að framkvæma þau verkefni sem undir hann heyra og tiltekin eru í 4. kafla í samningi



Þessum. Þjónustuveitandi skal njóta stuðnings frá æðstu stjórn þjónustukaupa og hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum vegna starfs síns. Þjónustukaupi skal jafnframt gera stjórnendum og starfsmönnum sínum kunnugt um tilvist og hlutverk þjónustuveitanda.

8.2. Sjálfstæði þjónustuveitanda

Þjónustukaupi skal tryggja að þjónustuveitandi njóti sjálfstæði í starfi sínu í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Skal þjónustukaupandi eftir fremsta megni forðast óeðlileg afskipti af verkefnum sem heyra undir þjónustuveitanda. Þjónustukaupa er jafnframt óheimilt að refska þjónustuveitanda fyrir að sinna hlutverki sínu með því að segja upp samningi þessum. Komi til þess að þjónustukaupi verði ósammála ráðleggingum þjónustuveitanda skal hann skjalfesta ástæður þess með fullnægjandi hætti.

8.3. Ábyrgð á að persónuverndarlöggjöf sé framfylgt

Þjónustukaupi ber samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 endanlega ábyrgð á því að löggjöfinni sé framfylgt.

8.4. Tilkynning samskiptaupplýsinga til Persónuverndar

Þjónustukaupi skal tilkynna til Persónuverndar að þjónustuveitandi hafi tekið að sér starf persónuverndarfulltrúa fyrir hans hönd. Eftirfarandi samskiptaupplýsingar skulu fylgja með tilkynningunni:

Nafn persónuverndarfulltrúa: Dattaca Labs ehf., kt. 590515-3530, Grandagarði 16, 101 Reykjavík.

Netfang yfirumsjónarmanns: vigdis@dattacalabs.com

Símanúmer: 517-3444

9. Uppsögn samnings

Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að segja upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Samningsaðila er þó heimilt að segja upp samningi þessum án fyrirvara ef gagnaðili vanrækir alvarlega þær skyldur sem á honum hvíla.

10. Trúnaður

Samningsaðilar skuldbinda sig til að gæta trúnaðar varðandi samning þennan og alla þá þætti sem þróaðir verða á grundvelli hans.



f.h. þjónustuveitanda




Freyr Hólm Ketilsson
Framkvæmdastjóri Dattaca Labs

12.12.18

Dags.

f.h. þjónustukaupa



Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Kristófer A. Tómasson
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

08.11.2018

Dags.

Vottar að réttu undirritun:

Þeirir eru þessdóttir 150151-3929.
Viðis Sighatúr Schannsdóttir

Árita ber allar síður samnings því til staðfestingar.

